

Ed.

28. Frumvarp til laga

[28. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sýslumanni Þingeyjarsýslu, eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði þá uppi í neðri deild. Er það þess vegna flutt á ný. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sem einnig er sýslumaður í Þingeyjarsýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, þrátt fyrir rækilega viðleitni umboðsmanna ríkisins til þess að fá þangað ábúanda. Nokkrar veðskuldir hvíla á jörðinni vegna framkvæmda síðasta ábúanda.

Ástæðan til þess, að Jóhann Skaptason, bæjarfógeti og sýslumaður héraðsins, hefur hug á að kaupa þetta eyðibýli, er sú, að foreldrar hans bjuggu þar lengi og hann er þar fæddur og systkin hans flest.

Í bréfi, dags. 22. janúar 1963, til flutningsmanns, tekur Jóhann Skaptason fram, um leið og hann fer þess á leit, að frumvarp til laga um heimild á sölu eyðibýlisins til sín verði flutt á þessu þingi, að sér hafi dottið í hug:

„að reyna að gera Litlagerði eitthvað til góða, ef það kynni í framtíðinni að verða til þess, að jörðin héldist fremur í byggð. En ég hef ekki“ (segir hann) „hug á að leggja þar í ræktunarkostnað, nema ég hefði fullan ráðstöfunarrétt á jörðinni (ekki ættaróðalsrétt)“.

Allir, sem þekkja Jóhann Skaptason, vita, að hann mun varla láta sitja við áformin ein.

Hér er á ferð sá lofsverði hugsunarháttur ræktarsemi og áttthagatryggðar, sem er því miður of fágætur og veðskuldar sannarlega góðar undirtektir á Alþingi.“

Til viðbótar þessari greinargerð er rétt að geta þess, að landbúnaðarnefnd efri deildar leitaði undir meðferð málsins á síðasta þingi umsagnar um það frá: jarðeignadeild ríkisins, landnámsstjóra og hreppsnefnd Grýtubakkahrepps. Voru umsagnir allra þessara aðila jákvæðar.